

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1681
komudagur 27.4. 2005

Reykjavík 26. apríl 2005

Til: Menntamálanefndar Alþingis
Frá: Stjórn Félags fréttamanna

Athugasemdir við frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf., lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004-2005.

Almennt:

Stjórn FF telur að frumvarpið um Ríkisútvarpið sé ekki tilbúið. Markmið frumvarpsins eru ekki skýr og margt óljóst er varðar stjórn, rekstur og réttindi starfsmanna sem stjórn FF telur að fara þurfi vandlega yfir. Skal það nú rökstutt nánar.

II. kafli Hlutverk og skyldur 3. gr. 2. málsg.

Stjórn FF gerir athugasemd við að í frumvarpinu segir að Ríkisútvarpið sf sendi út að minnsta kosti eina hljóðvarpsrás. Hún telur að þarna eigi að standa “tvær hljóðvarpsdagskrár og eina sjónvarpsdagskrá”. Með 2. málsgrein er opnaður möguleiki á að Rás 2 verði lögð niður. Rás 2 hefur á rúmum 20 árum sannað sig sem sú útvarpsstöð sem langbest hefur sinnt og þjónað íslenskri tónlist og þar með gegnt ómetanlegu menningarlegu hlutverki. Rás 2 gegnir mikilvægu hlutverki sem fréttá-, samfélags- og íþróttamiðill. Hún hefur sökum góðs dreifikerfis þjónað hinum dreifðu byggðum með sóma. Þá hefur Rás 2 reynst Ríkisútvarpinu drjúgur tekjustofn.

IV. kafli Stjórnskipulag Ríkisútvarpsins sf 9.gr liðir a og e

a) Í liðnum er sagt að stjórn Ríkisútvarpsins skuli “ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum”. Ekkert er kveðið á um ráðningartíma hans. Stjórn FF telur nauðsynlegt að útvarpsstjóri sé ráðinn í ákveðinn tíma, þrjú eða fimm ár. Þar með skapist svigrúm fyrir vissu sjálfstæði útvarpsstjóra gagnvart stjórninni þó hann starfi í umboði hennar.

e) Í athugasemdum við frumvarpið segir að hlutverk stjórnar sé í meginatriðum yfirumsjón með rekstri félagsins. Því þykir stjórn FF óeðlilegt og óviðeigandi að stjórninni skuli ætlað að gefa út reglur um fréttáflutning og gæta þess að þeim sé fylgt. Slíkt stríðir gegn yfirlýstum markmiðum um að draga eigi úr daglegum afskiptum af dagskrá og fréttáflutningi, sem og pólitískum afskiptum af starfi útvarpsins. Tryggja verður algert sjálfstæði fréttastofa Ríkisútvarpsins. Reglur um fréttáflutning RÚV eru til, þær eru skýrar og hafa reynst vel.

V.kafli Tekjur

Stjórn FF telur fjármögnun RÚV sf til frambúðar á margan hátt óljósa og alls óvíst að þeir tekjustofnar sem um er getið í 11. gr. dugi til reksturs stofnunarinnar. Þá hvetur stjórnin til þess að í lögnum verði skýr og afdráttarlaus ákvæði um hvernig skilja skuli dagskrá frá kostun og auglýsingum. Einnig að ekki verði lengra gengið í að blanda þessu saman en þegar hefur verið gert.

VI. kafli II. Réttindi starfsmanna.

Stjórn FF telur að mörg mjög mikilvæg atriði varðandi réttindi starfsmanna vanti í þennan kafla .

- Einungis er getið um rétt þeirra sem eiga aðild að A-deild LSR, en ekki þeirra sem eru í B-deild
- Skilgreiningu vantar á hvað sé *sambærileg staða* og hver eigi að meta slíkt.
- Í frumvarpinu er ekki ljóst hvort eða hvernig öll réttindi fastráðinna ríkisstarfsmanna verða að fullu tryggð við breytinguna.
- Fjölmargir starfsmenn RÚV eru lausráðnir í mislangan tíma. Ekkert er sagt um réttindi eða atvinnuöryggi þeirra.
- Allar skýringar vantar á hvaða kjörum nýráðnir starfsmenn RÚV sf verða, hver réttindi þeirra séu og hver starfsmannastefna framtíðarinnar verði.
- Réttindi þeirra starfsmanna sem hætta störfum eftir að RÚV verður sameignarfélag eru ekki skýrð.
- Nýlega tókust kjarasamningar á milli BHM og ríkisins sem fela í sér að félög innan BHM geri stofnanasamning við ríkisfyrirtæki. Á stofnanasamning er ekki minnst í kaflanum um réttindi starfsmanna og telur stjórn FF það nauðsynlegt til að eyða óvissu um að það ákvæði í samningum BHM og ríkisins haldi.

Þjóðin og Rúv

Stjórn FF saknar þess að ekki sé að finna í frumvarpinu skýra aðkomu almennings að skoðanaskiptum um menningarstofnunina og almenningsútlit RÚV. Stjórn FF telur að rödd hlustenda þurfi að heyrast og eiga sér skýra og greiða leið að stjórn og dagskrá stofnunarinnar.

Lokaorð

Stjórn FF telur mikla bót að því að útlit RÚV verði lagt niður í núverandi mynd og fagnar hverju skrefi sem skýrir valdsvið og ábyrgð þeirra sem stýra stofnuninni. Stjórnin hefði því viljað sjá skýrari markmið um skipulag og starfsemi stofnunarinnar til framtíðar. Stjórn FF fagnar því að styrkja eigi stofnunina til hagsbóta fyrir frjálsa fjölmiðlun í landinu og vonast til þess að hnykkt verði á þeim ákvæðum í frumvarpinu sem þarf til að svo megi verða.

Stjórn félags fréttamanna þótti tíminn naumur til að veita umsögn um frumvarpið og vonast til þess að eiga þess kost að nýju áður en gengið verður frá því endanlega.